

Ypparlegir merkismenn – um ævisagnarit Jóns Ólafssonar úr Grunnavík¹

Guðrún Ása Grímsdóttir, rannsóknaprófessor emeritus við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

„Að skrifa historiam af miklum mönnum er vanda verk ei allítið, so maður segi það eina sem satt er.“² Þessi orð skrifaði Jón Ólafsson úr Grunnavík af eigin reynslu árið 1758, en þá var hann í önnum að setja saman ævisögur Árna Magnússonar prófessors í Kaupmannahöfn og Páls Vídalíns lögmanns í Víðidalstungu og jafnframt að leggja drög að ævisögu Skúla Magnússonar landfógeta. Þetta vandaverk – að skrifa ævisögur mikilmenna – leysti Jón Ólafsson snilldarlega af hendi – á sinn hátt. Hann var nokkru yngri samtíðarmaður þeirra tveggja merkismanna sem hann skrifaði mest og best um, þ. e. a. s. Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, en Páll var fóstri Jóns og Árni meistari hans. Þessir menn komu Jóni Ólafssyni sjálfum til þroska og Jón greiddi fyrir sig með ævisögum um þá, því að honum þótti sem í ævum þeirra mætti finna „lofleg dyggðardæmi til eftirbreytinga.“³

Jón Ólafsson var fæddur að Stað í Grunnavík í Jökulfjörðum sumarið 1705, sonur Ólafs Jónssonar sem þar var prestur og konu hans Þórunnar Pálsdóttur frá Mel í Miðfirði. Erlendur bróðir Jóns var ári yngri, en þeir bræður misstu föður sinn og litla bróður í stóru bólu 1707. Faðir Jóns hafði séð til þess að hann skyldi alast upp í Víðidalstungu hjá lögmanninum Páli Vídalín og konu hans Þorbjörgu Magnúsdóttur

¹ Ævisögurit eftir Jón Ólafsson úr Grunnavík voru voru gefin út í einni bók á vegum félagsins Góðvinir Grunnavíkur-Jóns árið 2013 undir heitinu *Ævisögur ypparlegra merkismanna*. Greinarhöfundur sá um útgáfuna og samdi inngang sem rekur tilurðarsögu æviþáttanna og flutti erindi um efni bókarinnar á málstofu Árnastofnunar vorið 2013 og aftur á málþingi Félags um átjándu aldar fræði og Góðvina Grunnavíkur-Jóns í febrúar 2016. Greinin sem hér fer eftir er byggð á útgáfunni og erindunum.

² Jón Ólafsson úr Grunnavík. *Ævisögur ypparlegra merkismanna*. Guðrún Ása Grímsdóttir annaðist útgáfu. Rv. 2013, bls. xxxv.

³ Jón Ólafsson úr Grunnavík. *Ævisögur ypparlegra merkismanna*, bls. ix.

frá Vigur. Jón varð stúdent úr Hólaskóla 1722 og var skrifari og reiðsveinn Páls Vídalíns uns hann sigldi um tvítugt til Kaupmannahafnar haustið 1726 og gerðist skrifari Árna Magnússonar prófessors. Jón var síðasti skrifari Árna og fyrsti styrkþegi Árnasjóðs sem var stofnaður af erfðafé Árna og Mette, konu hans. Þau arfleiddu sem kunnugt er Kaupmannahafnarháskóla að handrita- og bókasafni sínu og gerðu að skilyrði að einn eða tveir íslenskir stúdentar skyldu ávallt starfa við safnið. Eftir lát Árna 1730 lauk Jón guðfræðiprófi og var síðan styrkþegi Árnasjóðs frá 1732 og til æviloka að fráteknunum átta árum sem hann var á Íslandi (1743–1751). Jón var einhleypur alla ævi, heilsutæpur síðustu árin. Hann lést í Kaupmannahöfn 17. júní 1779.

Jón Ólafsson var frábær eljumaður við skriftir og eiginlega fjölfræðingur sem stóð öðrum fæti í fortíðinni en hinum í samtíð sinni. Mikilfenglegasta verk Jóns er íslensk-latnesk orðabók í eiginhandarriti, óþrjótandi fróðleiksbrunnur, en ófullgerð.⁴ Flest önnur rit Jóns eru sama marki brennd, þau eru ófrágengin ætlunarverk í uppköstum og það á vissulega við um ævisögupættina sem hér segir frá.

Jón hóf ævisagnaritun um 1738 að hvötum menntamanna sem stýrðu Árnasafni í Kaupmannahöfn. Hann beindi kröftum sínum að ævum lærðra manna. Upphaflegt markmið hans var að semja íslenska bókmenntasögu sem hann hugðist skipta í þrjá hluta. Fyrsti hluti átti að vera skrá yfir íslenskar bækur, í öðrum hluta ætlaði hann að leggja gagnrýnið gildismat á sérhverja bók í skránni og í þriðja hluta áttu að vera ævisögur höfundanna. Hann ætlaði sér að taka fáeina menn sérstaklega fyrir, þ. e. a. s. þá sem hann taldi bera höfuð og herðar yfir lærða menn íslenska. Þeir voru: Guðbrandur Þorláksson Hólabiskup, Brynjólfur Sveinsson Skálholtsbiskup, Árni Magnússon prófessor, Páll Vídalín lögmaður og nokkrir fornaldarmenn að auki.⁵

Jón ætlaði sér að afla efnis í ævisögur íslenskra lærdómsmanna með bréfaskriftum við lærða menn heima á Íslandi. En um þetta leyti (um 1738) skrifaði Jón á hverju vori um það bil þrjátíu kunningjum, frændum og vinum heima á Íslandi og fékk bréf frá mörgum þeirra aftur með kaupskipunum á haustin. Í bréfum sínum spurði hann hina lærðustu menn á Íslandi um æviatriði þeirra og annarra jafningja þeirra, eldri sem yngri, og bréfaði sjálfur á móti undan og ofan af sínum eigin ritstörfum, þar á meðal ævisagnaritum sem hann hafði í smíðum. Í skrifum um lærða

⁴ Handritið er varðveitt á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum undir safnmarkinu AM 433 fol., bls. I–IX.

⁵ Jón Ólafsson úr Grunnavík. *Ævisögur ypparlegra merkismanna*, bls. xviii–xix.

menn fór Jón sömu slóð og mennirnir tveir sem höfðu mest áhrif á líf hans, Árni Magnússon og Páll Vídalín. Páll skrifaði latínurit um bóklærða menn íslenska og er rit hans er nú til prentað ásamt íslenskri þýðingu.⁶ Árni hafði safnað að sér efni í ævisögur lærðra manna íslenskra í þeim tilgangi að þéna þeim sem síðar vildu semja íslenska bókmenntasögu, en nær öll gögn hans um ævir íslenskra lærdómsmanna fórust í stórbruna í Kaupmannahöfn haustið 1728.⁷

Jóni Ólafssyni auðnaðist ekki að ganga frá fyrirætlaðri bókmenntasögu sinni, einungis þriðji hlutinn, þ. e. ævisögur lærðra manna er til í nokkuð heillegu eiginhandarriti hans sem fremur má þó kalla uppkast en hreinrit.⁸

En eins og þegar er komið fram ætlaði Jón sér að skrifa sérstaklega um hina lærðustu menn, en af því varð minna en til stóð. Hann gerði tvær atrennur að ævi Árna Magnússonar og aðrar tvær að ævi Páls lögmanns Vídalíns. Fyrri atrennurnar gerði hann um 1738, eins og nefnt er hér í upphafi, og þær seinni tuttugu árum síðar eða um 1758. Um það leyti tók Jón saman tvo aðra æviþætti. Annar er æviágrip Jóns Magnússonar málfræðings, bróður Árna,⁹ og hinn er um Odd Sigurðsson, brokkgengan samtímamann þeirra Árna og Páls. Oddur var lögmaður um tíma en stóð oft í málaferlum sem Jón segir af í þættinum og fljóta þar með margar merkar þjóðlífsmyndir sem betra er að hafa en missa, en margt er þar sama efni og í sögunni af Páli Vídalín enda brösuðu þeir Oddur og Páll margt hvor í móti öðrum.¹⁰

Allir nú nefndir æviþættir frá um 1758 eru í eiginhandarriti Jóns Ólafssonar undir markinu AM 437 fol. sem varðveitt er á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Eftir þessu handriti voru æviþættirnir prentaðir í IV. bindi af *Merkum Íslendingum* árið 1950. Eftir þessu sama handriti er farið í útgáfunni 2013 sem hér er fjallað um, en þar er texta Jóns fylgt nokkru nánar en í fyrri útgáfu og meiru efni aukið við, sem ekki hefir áður verið prentað.

⁶ Páll Vídalín. *Recensus poetarum et scriptorum Islandorum hujus et superioris seculi*. Jón Samsonarson bjó til prentunar. Rv. 1985.

⁷ *Arne Magnussons Private brevveksling*. Kh. 1920, 639; „Bréf Árna Magnússonar til Íslands 1729 og fleiri skjöl hans í Ríkisskjalasafni Dana.“ Birt hefur Jón Margeirsson. *Opuscula V* (Bibliotheca Arnamagnæana. Vol. XXXI). Kh. 1975, bls. 145–146.

⁸ KB Add. 3 fol., varðveitt á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

⁹ Jón Ólafsson úr Grunnavík. *Ævisögur ypparlegra merkismanna*, bls. 91–96.

¹⁰ Jón Ólafsson úr Grunnavík. *Ævisögur ypparlegra merkismanna*, bls. 173–203.

Eilítið um ævisögupættina af Árna Magnússyni og Páli Vídalín

Eins og fram er komið er Ævisaga Árna Magnússonar eftir Jón Ólafsson til í tveimur misaldra gerðum frá hendi höfundar síns. Sú eldri er á dönsku og var henni lokið á fæðingardeggi Árna Magnússonar 13. nóvember árið 1738. Þessi danska gerð ævisögu Árna varð til fyrir umleitan danska menntamannsins Alberts Thura sem um þetta leyti ætlaði sér að safna til og gefa út rit um íslenskar bókmenntir. Hann leitaði eftir vitneskju um þetta efni hjá Gram prófessor, yfirboðara Jóns Ólafssonar við Árnasafn. Jón tók verkið að sér og sendi Thura dálitla pappírskóp með greinum á dönsku um íslenska rithöfunda og menntamenn, en rit Alberts Thura kom aldrei út á prenti. Hann andaðist á besta aldri 1740. Jón hefir ekki sent Thura danska gerð sína að ævisögu Árna frá 1738, hún varð viðskila við meginefnið í sérstöku handriti, AM 1027 4to, sem nú er varðveitt í Árnasafni í Kaupmannahöfn. Jón hélt ævisögu Árna fyrir sig og jók við hana og breytti annað veifið á löngum tíma. Þessi danska gerð ævisögu Árna kom út í *Nordisk Tidsskrift* 1836 og var textinn þá nokkuð lagfærður frá eiginhandarriti Jóns. Í útgáfunni 2013 var reynt að fara nær frumtextanum og útgefandi leyfði sér að þýða textann á íslensku lesendum til léttis, því að danska Jóns hefir ekki verið talin uppá marga fiska.¹¹

Jón Ólafsson fór til Íslands vorið 1743 og dvaldi þar til 1751 að hann fór aftur til Kaupmannahafnar og hóf þá undirbúning að útgáfu á Snorra Eddu eftir fyrirmælum yfirboðara sinna. Þegar það verk var langt komið, – reyndar kom það aldrei út,¹² – fól yfirboðari hans, Bernhard Möllmann prófessor, honum að semja ævisögu Árna Magnússonar. Jón samdi hana nú á íslensku, óháð hinni fyrri dönsku gerð sinni, en vitaskuld hefir ætlunin verið að þýða þessa nýju gerð á latínu fyrir lærða menn, þegar hún yrði fullbúin. Jón lauk við íslensku gerðina á dánardægri Árna 7. janúar 1759. Hann hélt þó áfram að breyta henni, auka við og laga allt til æviloka vorið 1779.

Þessar tvær gerðir ævisögu Árna Magnússonar eftir Jón Ólafsson endurspegla á vissan hátt tvö tímabil í ævi Jóns sjálfs. Hið fyrra var bjart, hið seinna dimmt. Á fyrra tímabilinu eða frá 1730 til um 1742 vann Jón ákaft að merkustu verkum sínum: skrá yfir handrit í safni Árna Magnússonar, íslensk-latneskri orðabók, íslenskri bókmenntasögu, ritgerðum um náttúrufræði og hagfræði og söfnun vísna og lögbókarskýringa Páls Vídalíns föstra síns. Á þessum tíma voru þeir bræður, Jón og

¹¹ Sbr. Jón Helgason. *Jón Ólafsson frá Grunnavík*. Kh. 1926, bls. 201.

¹² Þetta verk Jóns er varðveitt í fjórum bindum í eiginhandarriti hans á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum undir safnmarkinu AM 429 fol. I–IV.

Erlendur Ólafssynir, samtímis í styrkþegastöðum við Árnasafn eða á árunum 1734–1742, en þá tók Erlendur við sýslumannsembætti í Ísafjarðarsýslu og fór til Íslands með danskri konu sinni, Birgitte Andersen Kvist.

Í bréfauppköstum Jóns til vina og kunningja á Íslandi frá þessum tíma kemur fram bjartsýni og verkgleði, hann væntir þess að einhver verk sín komist á prent og þeir Erlendur vinna vel saman. Á síðara tímabilinu, eða frá því um 1757 og til æviloka kveður við annan tón í bréfauppköstum Jóns, hann er hættur að koma á Árnasafn, gerir endalausar tilraunir til að bæta fyrri verk sín, semur orðskýringaritið undarlega, Contractismus, og skrifar ógrynni tíðinda upp úr Kaupmannahafnarblöðunum.

Í fyrri gerð ævisögu Árna er heiðríkja, hún virðist að upphafi samin í einum rykk, efnistökin eru fastmótuð og skakkar fáu um ártöl og staðreyndir. Síðari gerðin er um margt ruglingslegri, margir útúrdúrar, ártöl á reiki og sífelldar endurtekningar á sömu efnisatriðum.¹³

Saga Páls lögmans Vídalíns eftir Jón er með líku móti. Af henni hafa verið til tvær gerðir. Af bréfauppköstum Jóns að ráða er sú fyrri að öllum líkum samin á hinu bjarta tímabili Jóns, þ. e. a. s. fyrir 1742, en hin síðari er samin á sama tíma og seinni gerð ævisögu Árna eða 1758–1759. Því er miður að fyrri gerð sögunnar af Páli Vídalín er ekki varðveitt nema á fáeinum blöðum á tætingi, en seinni gerðin er varðveitt heil í einskona hreinrituðu uppkasti. Hún er sömu annmörkum háð og seinni gerð ævisögu Árna, framsetning ekki heilsteypt og nokkuð um rugling á ættum, nöfnum og ártölum, víða endurtekningar sömu efnisatriða og ófáir útúrdúrar.¹⁴

Sagan af Páli Vídalín lögmanni var fyrst prentuð framan við útgáfu Jóns Þorkelssonar á Vísnaðvergi Páls lögmans í Kaupmannahöfn árið 1897, síðar í *Merkum Íslendingum* í Reykjavík árið 1950 og loks í útgáfunni 2013. Í síðastnefndu útgáfunni er reynt að fylgja frumtexta höfundar nánar en gert var í fyrri útgáfum og þar er prentað fyrsta sinn mestallt sem varðveitt er af fyrri gerð Sögunnar af Páli Vídalín.

Ævisögur Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eftir Jón Ólafsson eru þýðingarmestu heimildir sem til eru um þessa tvo merkismenn. Jón greinir vitaskuld frá námsferli og opinberum störfum þeirra, en það sem er mikilvægast við þessar sögur og jafnframt einkenni þeirra, eru smáatriðin sem Jón dregur fram í lýsingum á persónum og atferli þeirra. Jón segir frá daglegum háttum Árna Magnússonar,

¹³ Sjá nánar Jón Ólafsson úr Grunnavík. *Ævisögur ypparlegra merkismanna*, bls. xvi–xviii, xx–xxi, 3–89.

¹⁴ Sjá nánar Jón Ólafsson úr Grunnavík. *Ævisögur ypparlegra merkismanna*, bls. xxix–xxxiv, 97–171.

heimilisvenjum, viðhorfum hans til lærdóms og bóka, lífsskoðunum hans, samskiptum hans við vini sína, útliti hans og innra manni. Lýsing hans á Árna er byggð á persónulegum kynnum þeirra, sannorð og sjónræn svo sem hér má lesa:

Eigi að lýsa útliti hans, þá var hann með stærstu og hæstu meðalmönnum, holdugur og þrekinn en hafði nettar og smáar hendur. Samsvaraði sér vel í andliti, var jafnleitur, bar með sér persónuleika fyrirmanns sem er yfir aðra settur. Hann var svartur á hár, skegg og augabrýr, lét krúnuraka hvirfilinn. Var nokkuð langleitur í andliti, fullur að vöngum, hvítleitur, ekki bleikfölnur Augun voru venjuleg og blá, hvorki svört, gul eða grá og voru líkt og nokkuð kyrrstæð, augnaráðið stillt og óhvikult. Þó var líkt og hann hefði einhvern skugga (sem Íslendingar kalla svo) yfir augum og augabrúnum, eitthvað sem gefur í skyn að leyndarmál liggi á hjarta. Nefið var nánast beint og munnurinn venjulegur, að öllu samanlögðu var allt andlitið fullkomið og hver líkamshluti í samræmi við annan. Og svipurinn sýndi stöðuglyndi, alvörufefni og íhygli, það er að segja, andlit hans hafði og sýndi lærðan og atkvæðamikinn mann. Hann var ekki fljótmaeltur, hafði áhersluþunga líkt og hann vildi festa allt sem hann sagði í hug viðmælanda síns. Hann var nokkuð hægur í hreyfingum og augnatilliti en öruggur og einnig hafði hann ákveðið og fast göngulag. Allur líkami hans var gildur, þykkur og karlmannlegur. Að öllu samanlögðu var maðurinn jafn traustur að útliti sem innræti og bar þess sýnilegan vott.¹⁵

Jóni Ólafssyni verður aldrei fullþakkað fyrir að draga upp svo nákvæmar myndir af Árna Magnússyni, einkum þegar þess er gætt að í þær sótti Halldór Kiljan Laxness ógleymanlega drætti í persónuna Arnas Arnæus í Íslandsklukkunni.

Saga Jóns Ólafssonar af Páli lögmanni Vídalín í Víðidalstungu hefir alla sömu kosti og saga hans af Árna. Þýðingarmest er að í smáatriðum lýsir Jón af eigin raun heimilisvenjum og búskaparháttum á stórbýli íslensks embættismanns norðanlands á fyrstu tveimur áratugum 18. aldar. Lýsingin er einstök í sögu þeirrar aldar sem oft hefir fengið harða dóma sem í raun mætti milda ef tekið væri tillit til sögunnar af Páli. Jón lýsir leikjum og lestrarvenjum, borðsiðum og barnauppeldi, daglegum venjum húsbóndans, reiðlagi hans og skapferli og innra manni og orðabrösum sem hann átti í við ýmsa menn og konur. Hann lýsir útliti og skaphöfn Páls afar nákvæmlega, viðhorfum hans til kvenna, barna og dýra, tilfærir ýmis merkileg orðatiltæki hans eins

¹⁵ Jón Ólafsson úr Grunnavík. *Ævisögur ypparlegra merkismanna*, bls. 28–29.

og það ef honum þótti hart veður, kallaði hann það „mikið guðs veður.“ Jón lýsir Páli á þennan myndræna og lifandi hátt:

Páll lögmaður var hánefjaður, bláeygður, augu nokkuð í minna lagi, litur dökkblá, og hverki hvikuleygður né stóreygður, nokkuð stærri í andliti en hjarninn var, eður höfuðið fyrir ofan augun og eyrun, hvellur í máli, skipti fótum þá hann stóð og peroreraði [hélt ræðu] og sló stundum cadentzer eður taktinn nokkuð lítið með hendinni, og eins þá hann mælti fram vísur af hverjum hann kvað oft ... síðara helminginn fyrr en hinn. Drakk spart og smámsaman brennivín, en nær aldrei á kvöldin, eftir það ljós var kveikt, nema ef gestir væru, eður á helgra daga kveldum, þó spart og ærið sjaldan. Skjálfraddaður nokkuð í söng.¹⁶

Um drög Jóns að ævisögu Skúla Magnússonar landfógeta

Á þeim tíma sem Jón var í önnum að setja saman æviþættina um Árna og Pál um 1758 voru honum ofarlega í hug miklar og merkilegar sýslanir Skúla Magnússonar landfógeta, útréttingar hans og innréttingar sem gerðar voru Íslandi til gagns. Jón kynntist Skúla á námsárum hans í Kaupmannahöfn og síðan skrifuðust þeir á og hittust, bæði á Íslandi og í mörgum Hafnarferðum Skúla. Ætlun Jóns var að taka saman sögu Íslands á átjándu öld og átti ævisaga Skúla að fylgja sem meginkafli og lokapáttur í þessu ritverki sem átti að heita „Saga af endurbótarviðleitni á tilstandi Íslands.“ Varðveittar eru nokkrar minnisgreinar og uppköst Jóns til þessarar sögu. Fátt er þar þó heillegt utan upphaf ævisögu Skúla – sem einungis segir þó frá ættmennum hans – og lokakafli ævisögunnar sem er stutt en skörinorð persónuleg lýsing á Skúla sem er byggð á skarpri sjón og minni Jóns og er á þessa leið:

Hann er maður hærri á vöxt en almennir meðalmenn, nokkuð flatvaxinn og herðabreiður, réttvaxinn og vel vaxinn, lítið toginleitur, bláeygður og stöðugeygður, ígrundunarleg og eftirþankasöm, sem oft eru á lærðum mönnum, og rennir augunum nokkuð skarpt. Hátt enni með höfðinglegum svip. Nef nokkuð langt og slétt og í herra lagi, nokkuð bólugrafið þar sem það er þykkvast framan, í meðallagi haka og munnur. Stöðuglegur. Hann er maður snjallur í máli og skilínorður, drepur tungunni nokkuð upp við góminn, þá hann talar af alvöru sem syngi nokkuð við. Siðsamur í framgöngu og fasi, vasklegur og

¹⁶ Jón Ólafsson úr Grunnavík. *Ævisögur ypparlegra merkismanna*, bls. 166.

karlmannlegur. Svarar oft sem með nokkrum eftirþanka. Hlýðir gjarnan á orð annara, en hefur þó sína þanka fyrir sig, er ei heldur keppinn eður þrætugjarn.¹⁷ Brotin úr ævisögu Skúla og úr bréfaskiptum þeirra Jóns eru prentuð fyrsta sinn í *Ævisögum ypparlegra merkismanna* 2013. Þar er ennfremur prentaður í fyrsta sinn einn kafli sem Jón velktist í vafa um hvort fylgja ætti ævisögu Árna eða Skúla. Í honum er stuttlega lýst rangsleitni danskra kaupmanna gagnvart Íslendingum og viðbrögðum Árna og Skúla við verslunarháttum Íslandskaupmanna sem báðir töldu – og Jón Ólafsson líka – að væru helsta böll Íslendinga.¹⁸ Jón samdi ennfremur magnaða örsögu eða ævintýri þar sem dönskum kaupmönnum er líkt við sísvanga óvætti og er það ófrágengna ævintýri einnig prentað fyrsta sinn í útgáfunni 2013.¹⁹

Ævisaga og ritverkaskrá Jóns Ólafssonar

Jón Ólafsson hóf að setja saman ævisögubátt sinn og ritverkaskrá að beiðni yfirmanna sinna við Árnasafn árið 1757, en ritbeiðendur máttu bíða lengi eftir þessum verkum fullgerðum. Sjálfsævisögubátt sinn samdi Jón á dönsku, en ritaskrána að mestu á latínu, sumt þó á dönsku. Jón gerði margar atrennur að ritverkaskrá sinni og varðveitti uppköst sín og gerði hreinrit eftir þeim en hélt árum saman áfram að auka við textann, leiðréttu og strika yfir þannig að fljótt fékk hreinrit sama svip og uppkast, þá varð til nýtt hreinrit sem fljótt varð aftur líkt og uppkast og þannig gekk koll af kalli.

Í skránni telur Jón upp ógnarmörg rit sín og lýsir þeim ýmist sem fullgerðum eða ófullgerðum eða verkum sem ætlar að skrifa en er tæpast byrjaður á. Jón skrifaði yfirmanni sínum Bernhard Möllmann í janúar 1772 og segist hafa gert ritaskrá sína tvívegis, en sökum þess að stöðugt bætist við nýtt efni frá hans hendi hafi hann aldrei getað hreinritað skrána. Æviþáttur hans og ritaskrá eru einungis varðveitt í ófullgerðri lokagerð höfundar og verður að sauma ritaskrána saman til útgáfu eftir þremur misaldra hreinskriftum hans til þess að reyna að fá á hana heildarmynd. Það er gert í útgáfunni frá 2013 þar sem sjálfsævisögubáttur hans og ritaskrá hans og eru prentuð í fyrsta sinn ásamt íslenskri þýðingu á ævisögubættinum, en ekki voru tök á þýðingu á hinn óreiðufullu latnesku ritverkaskrá.²⁰

¹⁷ Jón Ólafsson úr Grunnavík. *Ævisögur ypparlegra merkismanna*, bls. 212.

¹⁸ Jón Ólafsson úr Grunnavík. *Ævisögur ypparlegra merkismanna*, bls. 66–69.

¹⁹ Jón Ólafsson úr Grunnavík. *Ævisögur ypparlegra merkismanna*, bls. 215–219.

²⁰ Jón Ólafsson úr Grunnavík. *Ævisögur ypparlegra merkismanna*, bls. xliii–xlvi, 221–298. – Í riti sínu, *Jón Ólafsson frá Grunnavík*, gerði Jón Helgason mun skýrari grein fyrir ritum nafna síns Ólafssonar en honum sjálfum auðnaðist nokkru sinni.

Oft á því tímabili sem Jón fékkst við ritverkaskrá sína og sjálfsævisögupátt íhugaði hann sterklega að segja upp styrkþegastöðunni við Árnasafn og fara til Íslands, en í Húnaþingi átti heimili dóttir Jóns, Ragnildur, sem hann unni mjög og skrifaðist á við.²¹ Til eru mörg uppköst að uppsagnarbréfi hans, misjafnlega útlítandi, en líklega hefir ekkert þeirra komist í hendur yfirboðara hans enda hélt hann styrkþegastöðunni til æviloka. Á þessum tíma hrakaði heilsu hans, laun hans voru skorin við nögl, hann varð sífellt vonlausari um að nokkurt verk hans fengist útgefið. Við þessar aðstæður hafa yfirboðarar hans viljað láta reyna á til hvers hann dygði og því gengið eftir ritaskránni, og Jón hefir reynt að tjalda öllu til þess að halda sinni fræðilegu reisu. Í æviþætti sínum segir hann mest af veru sinni á Íslandi, en ritaskráin hefir átt að vitna um æviverk hans í Kaupmannahöfn. Undir lok sjálfsævisögu sinnar víkur hann að því mótlæti sem hann hefir orðið að þola í starfi, vonleysi um útgáfu verka sinna og segist hafa hætt sér út í stærri og mikilvægari verk en nokkur annar. Lokapáttur ævisögu hans skýrir flest í ritaskránni þar sem svo oft er getið um ófullgerð eða óunnin verk. Þegar Jón kom aftur frá Íslandi 1751 hafði hann eignast sér yngri keppinauta um styrkþegastarfið og varð fyrir tortryggni yfirboðara sinna. Hann náði ekki flugi á ný en reyndi að auka og bæta þau verk sem hann var byrjaður á, en tók ekki upp önnur sem hann hafði ætlað sér fyrrum. Ævisaga hans og ritaskrá eru sérstakar og merkilegar heimildir um erfiði manns sem setti sér eigin lögmál í skrifum sínum, en fæst þeirra náði hann þó að leiða til lykta.

Að lokum gerði hann ævi sinni skil með þessum orðum Predikarans: „*Enginn endir er á striti hans. Fyrir hvern strita ég, brýt sál mína, einnig það er hégómi og þraut. Vei þeim sem er einn, ef hann fellur, reisir enginn hann við.*“²²

Kannski má segja að með heildarútgáfunni á ævisögum eftir Jón Ólafsson sé reynt að rétta honum hönd og votta að hann stritaði ekki til einskis.

Engum var betur ljóst en Jóni Ólafssyni sjálfum að flest verk hans voru hálfverk eða öllu heldur ófullburða stórvirki. Enginn ævisögupáttur frá hans hendi er

²¹ Ragnildur var fædd á Þingeyraklaustri 8. maí 1748, móðir hennar var Guðrún Jónsdóttir, þjónustustúlka þar. Uppkomin dvaldi Ragnildur á betri heimilum í Húnaþingi og naut arðs af jörðinni Syðri-Stöpum á Vatnsnesi sem Jón hafði erfð og kom hann því til leiðar að Ragnildur fékk jörðina í föðurarf sinn. Ragnildur var einhleyp kona, vitað er að hún lifði vorið 1786 en úr því er ekki um hana vitað. Sjá Jón Ólafsson úr Grunnavík. *Ævisögur ypparlegra merkismanna*, bls. 299–301; Jón Helgason. *Jón Ólafsson frá Grunnavík*, bls. 256–258.

²² Jón Ólafsson úr Grunnavík. *Ævisögur ypparlegra merkismanna*, bls. 247.

til í fullfrágengnu hreinriti og fram á hinstu stund 17. júní 1779 var hann með hugann við merkismennina sem hann hafði þekkt í lifanda lífi og skrifað um. Þeir liðu honum fyrir hugskotssjónir aftur og aftur, og aftur og aftur vildi hann festa þá á blöð sín, þótt fullskrifuð væru ofanfrá og niðurúr og út á allar hliðar. Hann náði aldrei að fullmóta frásagnir sínar af þeim og kannski einmitt vegna þess eru þær svo lifandi og áhugaverðar, höfundurinn glæðir mennina lífi með stöðugri umhugsun. Frásagnir hans einkennast af innileika og lotningu fyrir þeim ypparlegu mönnum sem hann segir frá og það bætir upp allar skekkjur og óreiðu í frágangi. Sem dæmi um virðingu Jóns Ólafssonar fyrir þeim Árna og Páli má að lokum tilfæra þessi orð hans: „En það vil ég satt segja, að af þeim mönnum íslenskum er ég þekkt hefí, voru þeir báðir Árni Magnússon og hann [Páll Vídalín] einir hinir mestu að flestum hlutum og innvortis eðalprúðir.“²³

²³ Jón Ólafsson úr Grunnavík. *Ævisögur ypparlegra merkismanna*, bls. 168.